



BORGARRÁÐ 26. febrúar 2026: Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um kaup á ryksugubíl - MSS26020116

Lagt er til að Reykjavíkurborg fjárfesti í ryksugubíl sem eru sérstaklega hannaðir til að hreinsa upp fínasta rykið á götum borgarinnar. Áætlaður kostnaður vegna kaupanna er 50-70 milljónir.

Greinargerð

Reykjavík er meðal þeirra höfuðborga í Evrópu með allra bestu loftgæðin. Reykjavík var í öðru sæti á lista yfir bestu loftgæði í höfuðborgum Evrópu árið 2025 samkvæmt loftgæðamælaborði Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA). Ísland er jafnframt eitt af örfáum löndum í heiminum sem ná viðmiðum alþjóðlega heilbrigðismálastofnunarinnar fyrir svifryk. Þess vegna ætti það að vera auðsótt mál að setja kraft í það að fyrirbyggja að hér skapist þessar aðstæður þessa fáu daga þar sem loftgæði eru slæm. Ráðast þarf í aðgerðir til að mæta þeim toppum sem myndast þegar hæglátt veður er um vetur og mynda þessar aðstæður og hafa áhrif á loftgæði í borginni. Í því samhengi þarf að horfa til tæknilausna sem hafa hingað til ekki verið prófuð, líkt og ryksugubílar sem eru sérstaklega hannaðir til að taka upp fínasta rykið. Þetta eru sérstakir bílar með mikla getu til að taka upp óhreinindi. Því leggur Framsókn til að Reykjavíkurborg fjárfesti í sérstökum ryksugubíl sem verði notaður sérstaklega við stofnbrautir. Huga þarf að því að verklag við notkun bílsins sé þannig að reynt sé að fyrirbyggja að svifryksmengunar toppar myndist í borginni.

